

Landssamband smábátaeigenda
2009 - 2010



26. aðalfundur LS 14. og 15. október 2010

Skýrsla framkvæmdastjóra
Setningarræða formanns
Ályktanir fundarins



Efnisyfirlit

Skýrsla Arnar Pálssonar framkvæmdastjóra Landssambands smábátæigenda	6
Arthur Bogason - Ræða á 26. aðalfundi Landssambands smábátæigenda október 2010	15
Samþykktir 26. aðalfundar Landssambands smábátæigenda október 2010	18
Stjórn Landssambands smábátæigenda 2010 - 2011	25

Landssamband smábátæigenda
Hverfisgötu 105, 101 Reykjavík
Sími: 552 7922
Fax: 562 6590
Netfang: ls@smabatar.is
www.smabatar.is





Örn Pálsson Skýrsla framkvæmdastjóra

26. aðalfundur
Landssambands smábátæigenda
14. og 15. október 2010

Hæstvirtur ráðherra, háttvirtir alþingismenn,
ágætu aðalfundarfulltrúar og gestir!

Í dag fögnum við nýju aðalfundarári. Það sem kveður hefur verið stormasamt. Það hófst með fundum í Starfshópi um endurskoðun laga um stjórn fiskveiða. Á fundunum fór mestur tíminn í að takast á um tvo kosti um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða - fyrningu veiðiheimilda í áföngum eða samningaleið. Báðum leiðunum var ætlað að geirnegla þjóðareign á auðlindum sjávar. Eyða vafa um eignarhald. Niðurstaða meirihluta starfshópsins var að mæla með því að farinn yrði samningaleiðin sem felur í sér að innkalla veiðiheimildir á einu bretti og bjóða útgerðaraðilum að gera samning við ríkið um að nýta þær veiðiheimildir sem þeir hafa haft, til að gera verðmæti úr þjóðareigninni.

Nú er liðinn einn og hálfur mánuður frá því starfshópurinn skilaði af sér. Óvissan sem haldið hefur sjávarútveginum í heljar greipum undanfarin ár er því ekki enn lokið.

En hvaða áhrif hefur þetta haft? Hér verður aðeins vikið að einum þætti þess, **framsali veiðiheimilda**, hornsteini að hagkvæmni kvótakerfisins.

Framsal veiðiheimilda hefur nær stöðvast. Afleiðingarnar eru þær að fjöldi skipa og báta eru bundin við bryggju eða að stöðvast vegna ónógs kvóta. Það vantar ýsu inn á krókaafلامarksbáta. En hvers vegna fæst ekki ýsa til leigu. Við því eru nokkur svör, m.a. þessi:

- Gríðarleg skerðing veiðiheimilda í ýsu á stuttum tíma
- Væntingar um að geta veitt þær heimildir sem viðkomandi hefur fengið úthlutað
- Ótti við að væntanlegar breytingar á lögum um stjórn fiskveiða taki mið af því hvernig einstaka útgerðir hafi nýtt veiðiheimildir sem þeim hefur verið úthlutað
- Hræðsla við almenningsálitid - almenningur fordæmir kvótaleigu - kallar það kvótabrask

Er vitlaust gefið í ýsunn?

Undanfarin ár hafa krókaafلامarksbátar veitt um fimmtungi meiri ýsu en þeim hefur verið úthlutað í upphafi fiskveiðiárs. Aflamarksskip hafa hins vegar aðeins nýtt 78 - 80% af því sem þau fengu úthlutað. Einkum er þar um að ræða stærra útgerðirnar sem lítið hafa nýtt. Þessar staðreyndir kölluðu fram tillögu LS um frjálsræði í veiðum á línu til áramóta sem samþykkt var á síðasta aðalfundi og kemur nú aftur með fullum þunga til umfjöllunar. Með tillögunni er ekki verið að taka neitt frá neinum, aðeins verið að hámarka útflutningsverðmæti ýsu, enda hæstu verðin fyrir línuveidda ýsu.

Fjöldi útgerða krókaafلامarksbáta hefur haft samband við mig á undanförunum dögum og sagst hafa hringt í eigendur útgerða allt í kringum landið og spurt um ýsu til leigu. Enginn þeirra var tilbúinn að leigja beint. Sögðu kvótamiðlun LÍÚ mundu sjá um þetta fyrir sig eða þeir ætluðu að veiða sinn ýsukvóta. Símtöl í þá kvótamiðlun hafa ekki borið árangur. Nú er svo komið að hundruðir manna eru að missa atvinnuna vegna þessa. Hólmavík, svo dæmi sé tekið, blasir atvinnuleysi við á fjórða tug manna.

Landssamband smábátæigenda hrópar á aðgerðir af hálfu ráðherra til að ýsukvótinn verði nýttur með veiðum og skapi þannig útflutningsverðmæti á yfirstandandi fiskveiðiári. Það má ekki henda eitt fiskveiðiárið enn að veiðiheimildir upp á nokkra milljarða fari í tegundatilfærslu, séu ekki nýttar til verðmæta fyrir þjóðina. Vöntun er á línuveiddri ýsu á markaðina og það skulu menn hafa á hreinu svo vitnað sé í orð sölumanns í Bretlandi, að besta leiðin til að skemma markaði er að svelta þá.

Það má ekki bíða deginum lengur að leysa þetta vandamál.

Góðir fundarmenn,
Ég fullyrði að einhverjir ykkar hafa hnotið við:

Leigja ekki vegna ótta við væntanlegar breytingar
Hræðsla við almenningssálitið - almenningur
fordæmir kvótaleigu - kallar það kvótabrask

Mörg váin hefur sjávarútvegurinn glímt við. Ein er nú í uppsiglingu sem ég tel ekki síður háskalega og hugmyndir stjórnvalda um fyrningu aflaheimilda. Hér

er þó einn munur á - óskapnaðurinn kemur frá þeim sem starfa í sjávarútvegnum. Takmörkun á reglum um framsal.

Stórútgerðin hefur ákveðið að taka undir með sjómannaforystunni og óska eftir að framsal veiðiheimilda verði takmarkað enn frekar. LS hefur mótmælt og hvatt til þess að engar hömlur verði lagðar á framsal veiðiheimilda enda engin ástæða til að minnka hagkvæmni kvótakerfisins, en að mati hagfræðinga er frjálst framsal einn af hornsteinunum að hagkvæmni þess. Með framsali tryggjum við einnig hæsta verð, aðkomu hagkvæmninnar og fjölbreytni í útgerðarflórunni. Við megum ekki gleyma því að eina nýliðunin í kvótakerfinu á undanförunum árum hefur orðið vegna lítilla takmarkana á framsali. LS mun berjast að krafti gegn takmörkunum á framsalsreglum. Nái það ekki árangri í fiskveiðistjórnunarkerfinu mun félagið óska eftir að þröngsýnin nái ekki til krókaafلامarksbáta.

Víkjum þá að vanni. Ég verð að segja það eins og er að ég varð gáttaður þegar ég heyrði ástæður þess að LÍÚ vildi hefta framsal. Koma til móts við almenning var skýring þeirra.

Bíddu nú við Örn Pálsson!

Er þessi skýring trúverðug eftir allt sem áður er gengið? Hvað býr að baki? Er þetta skoðun smærri útgerða sem lifað hafa á leigukvóta frá stærra útgerðinni? Varla. Hvaða afleiðingar hefur það ef lokast á allt framsal með veiðiheimildir?

Afleiðingarnar eru augljósar - útgerðaraðilum fækkar og veiðiheimildir flytjast til þeirra sem stærstir eru. Er þetta það sem við viljum? Er þetta það sem almenningur vill? Öruglega ekki. Það er því mikil skammsýni hjá títtnefndum almenningi að berjast gegn framsali. Afleiðing þess mundi leiða til að við sjávarsíðuna væru örfáir aðilar komnir með rétt til að nýta allar veiðiheimildirnar innan örfárra ára. Landssamband smábátæigenda verður því að beita sér af alefli gegn takmörkunum á framsali veiðiheimilda, þar með talinni veiðiskilyldu.

Góðir fundarmenn!

Á undanförunum árum hefur rödd LS um aukinn þorskvóta nánast verið einsömum meðal

hagsmunaaðila. Sl. sumar varð breyting þar á þegar stórútgerðarmenn mæltu einnig með hærri þorskvóta heldur en Hafrannsóknastofnunin fékk út úr sinni eymdarlegu aflareglu. Að fyrirbrigðið aflaregla geti komið í veg fyrir að þjóðin nái til vopna sinna aftur, nær engri átt. Sveigjanleiki verður að vera fyrir hendi og ef ekki nú, hvenær þá.

LS hefur sýnt með tilvitnunum í Ástandsskýrslur Hafrannsóknastofnunarinnar að bæði veiði- og hrygningarstofn stækka þó veidd verði 200 þúsund tonn af þorski á yfirstandandi fiskveiðiári. Þetta eitt og sér hefði átt að nægja til að fara að tillögum LS.

Á aðalfundinum verðum við að láta heyra til okkar um að þorskvótinn verði aukinn tafarlaust í 200 þúsund tonn. Það hefur margsinnis tekist að hafa áhrif við erfiðari skilyrði og því engin ástæða til að leggja árar í bát við tillögu sem víðast hvar á hljómgrunn og tölur fiskifræðinganna endurspeglar raddir og álit sjómanna. Til að leggja enn meiri áherslu á orð mín skulu sýndar hér nokkrar glærur.

Góðir fundarmenn,
Mér varð á síðasta ári nokkuð tíðrætt um fiskverð. Taldi ég það varla standast að það hefði lækkað gríðarlega í evrum talið milli ára. Vegna þessa er rétt að uppfæra tölur. Það er ánægjulegt að geta upplýst það hér að nú er allt annar bragur á þróuninni en var í fyrra. Fiskverð á mörkuðum jafngildir nú 62% hækkun í evrum talið og erum við að nálgast það verð sem var á fyrsta þriðjungi ársins 2008. Gott samræmi var nú milli hækkunar í krónum og evrum. Meðalverð á óslægðum þorski hækkaði um 59% og fór úr 200 kr/kg í 318 kr/kg á fyrsta þriðjungi árána 2009 og 2010. Lýsi ég hér með mikilli ánægju með árangur fiskkaupenda, framleiðenda og söluaðila.

Lánamál

Á aðalfundinum fyrir ári kynnti ég ykkur hugmyndir LS semfélagið vildiaðfarnaryrðutilaðleiðréttaskuldastöðu smábátæigenda. Höfuðstóll gengistryggðra lána yrði miðaður við 1. mars 2008 og mismunur afskrifaður. Hljómgrunnur við þessu varð ekki ofsafenginn. LS ákvað því að koma betur til móts við lánastofnanir og bauð að mismunurinn yrði ekki afskrifaður heldur lánaður til 15 ára vaxtalaust og án verðtryggingar. Fyrsti gjalddagi þessa láns yrði 6 mánuðum eftir að frumlán yrði uppgreitt.

Nú bar svo við að LS fékk afar góðar viðtökur við erindi sínu. Fyrst hjá Jóni Bjarnasyni sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, þá fjármálaráðuneytinu, því næst efnahags- og viðskiptaráðherra. Allir töldu þessir aðilar hugmyndina einkar athyglisverða. Það sama var uppi á teningunum hjá lánastofnunum. Hugmyndin var kynnt fyrir Arion banka, Landsbankanum, Íslandsbanka og Sparisjóðabankanum.

Það verð ég að segja að það hefur valdið mér miklum vonbrigðum að enginn þessara aðila hafi stökkið á hugmyndina og útfært hana og þá ekki aðeins fyrir trillukarla heldur einnig fyrir önnur fyrirtæki og almenning.

Þegar gengið var eftir aðgerðum hjá fjármála- og efnahags- og viðskiptaráðuneytum kom neiið ekki um hæl og á öllum stigum vildu aðilar skoða málin betur. Þegar LS gerðist ágengara í svarköllun var leiðinni hafnað með þeim rökum að með afskiptum af lánastofnunum gætu viðkomandi ráðherrar orðið vanhæfir ef til dómsmála kæmi.

Auk þeirra sem hér hafa verið nefndir var formanni viðskiptanefndar Alþingis, Lilju Mósesdóttur, ritað bréf og staðan skýrð. Óskað var eftir fundi með nefndinni. Formaðurinn varð ekki við þeirri ósk.

Þá voru málin skýrð með bréfi til Þverpólítíks samráðshóps um framkvæmd laga 107/2009, sem ætlað er að tryggja aðgang flokka og hópa á Alþingi að upplýsingum um þróun mála og greiða fyrir upplýstri umræðu og stefnumörkun.

Af þessari upptalningu má sjá að mikið hefur verið aðhafst til að fá leiðréttingar.

Á fundum lánastofnana var auðsætt að hugmyndir þeirra gengu ekki út á almenna leiðréttingu lána. Þar skyldi sömu aðferð og beitt hefur verið í áratugi, maður á mann. Niðurstaða - leiðrétting til þeirra sem eru ofurskulsettir en eru í lífvænlegum rekstri að mati lánastofnunarinnar.

Við þessu varaði LS og mótmælti í bréfi til fjármálaráðuneytisins 20. nóvember 2009. Í bréfinu segir orðrétt með leyfi fundarstjóra:

„Nú hefur verið fundað með Kaupþingi, Landsbankanum, Íslandsbanka og Sparisjóðabankanum. Þar

kom í ljós að Kaupþing og Landsbankinn hafa unnið að því undanfarna mánuði að kortleggja vandann með það fyrir augum að smíða módel sem hægt væri að keyra hvert og eitt fyrirtæki smábátaeigenda inn í. Báðir aðilar sögðu þessi módel ekki tilbúin. Af þessu er ljóst að Kaupþing og Landsbankinn ætla að beita sértækum aðgerðum við hvern og einn lántakanda í trilluútgærd og finna þannig út hvaða fyrirtæki eru lífvænleg og aðstoða þau við að komast í eðlilegt rekstrarumhverfi. Væntanlega með afskriftum þar sem skuldir eru umfram eignir og tilhliðrunum á greiðslum þar sem eignir eru umfram skuldir. Íslandsbanki er skemur kominn í þessari vinnu en nokkuð ljóst að hann fetar sig eftir þessari sértæku leið.

og síðar í sama bréfi:

„Landssamband smábátaeigenda er ekki sátt við þær leiðir til aðstoðar fyrirtækjum í smábátaútgærd sem Kaupþing, Landsbankinn og Íslandsbanki eru að vinna með.“

„Helstu ástæður óánægju LS með starfsaðferðir bankanna eru að þær fela í sér mismunun. Fyrirtæki innan LS eru í mikilli samkeppni, einkum um kaup á veiðiheimildum. Það liggur fyrir að stærsti hluti skuldavandans er tilkominn vegna kaupa á kvóta. Hægt er að spyrja sig hvaða réttlæti er að bjóða aðila sem skuldsetti sig með kvótakaupum 2007 í samkeppni um kaupin við aðra smábátaeigendur, afskriftir af lánum þar sem útgærdin hefur vaxið gríðarlega að umfangi vegna mikilla veiðiheimilda. Skuldsetta fyrirtækið er vegna þessa í miklum rekstri, en hin sem kepptu við viðkomandi um mikinn kvóta enn í kvótasveldi þó þeim hafi tekist að ná í reiting hér og þar. Að loknum sértækum aðgerðum bankanna lítur framangreint dæmi þannig út að sá ofurskuldsetti heldur sínum veiðiheimildum og er kominn með forskot á hina um kaup á enn meiri heimildum. Samkeppnisaðilar hans fengu hins vegar engar afskriftir þar sem - eignir þeirra eru umfram skuldir.

Undirritaður varar við að sértæk leið verði farin. Hún er gríðarlega eldfim og með minnstu misgjörð mun hún leiða til illinda.“

Því miður er ekkert lát á þessari aðferðafræði. Ekki einu sinni hægt á henni við dóm Hæstaréttar 16. júní sl. þar sem staðfest var að óheimilt væri að gengistryggja lán sem hefðu verið greidd út í krónum.

Á fundi nú nýverið með Landsbankanum voru orð bankans skýr:

- Leiðrétting með afskriftum eingöngu hjá lífvænlegum fyrirtækjum þar sem skuldir eru umfram eignavirði, skuldir færðar niður að eignavirði fyrirtækisins.
- 25% höfuðstólslækkun og lánið sett í krónur ekki í boði til útgærdarinnar, vegna tengingu tekna hennar við erlenda mynt.
- Boðið verður upp á lengingu lána til að lækka greiðslubyrði, því fylgir hækkun vaxta.
- Að mati bankans falla lán sem lánuð voru til fyrirtækja þar með talið smábátaútgærdarinnar ekki undir dóm Hæstaréttar frá 16. júní sl.

Kæru félagar í Landssambandi smábátaeigenda. Tími er kominn til að skipta á annað stig í samskiptum okkar við lánastofnanir. Við skulum athuga möguleika á hópamálsókn til að fá réttlætið fyrir almennri leiðréttingu lána viðurkennt.

Rétt er að taka fram að landssambandið er ekki eitt í þessum málum sem marka má af eftirfarandi yfirlýsingu Bændasamtaka Íslands og LS 29. júní sl sem viðbrögð við dómi Hæstaréttar:

„Forsvarsmenn Bændasamtaka Íslands og Landssambands smábátaeigenda undrast fálmkennnd og ómarkviss viðbrögð stjórnvalda og fjármálafyrirtækja við skýrum dómi Hæstaréttar um ólögsmæti gengistryggðar lána.

Samtökin skora á öll fjármálafyrirtæki að hlíta afdráttarlausri niðurstöðu Hæstaréttar og grípa til aðgerða þegar í stað og:

- a. Færa höfuðstól gengistryggðra lána til þeirrar upphæðar sem tekin var að láni og endurgreiða lántökum að teknu tilliti til samningsvaxta.
- b. Stöðva allar innheimtuaðgerðir.

Lífeyrissjóðsmál

Á fundi stjórnar LS var mikil og þung umræða um fjárfestingar og afkomu Gildis lífeyrissjóðs. Þar skýrði ég stjórninni frá ársfundi sjóðsins þar sem ég upplifði

enga gagnrýna hugsun hjá stjórnarformanni sjóðsins, Vilhjálmí Egilssyni, um að stjórnin hefði ekki staðið sig nægjanlega vel. Þá upplifði ég heldur ekki að stjórn sjóðsins hefði áhuga á að gera ársfundinn opnari, þ.e. að allir sjóðfélagar hefðu atkvæðisrétt. Það var í sjálfu sér ömurleg tilfinning að sitja fundinn bæði sem sjóðfélagi og fulltrúi hundruða sjóðfélaga og hafa ekki atkvæðisrétt.

Á fundinum upplýsti ég stjórn LS um svör Gildis lífeyrissjóðs við spurningum mínum á ársfundinum.

Ein spurninga var eftirfarandi:

Hver er skýring þess að Gildi lífeyrissjóður láni Glitni hf, banka í einkarekstri, víkjandi lán að upphæð 3,69 milljarðar?

Hver eða hverjir tóku ákvörðun um þetta lán, hver eða hverjir bera ábyrgðina og hvað lá til grundvallar ákvörðuninni. Hvað gekk mönnum til?

Svar sjóðsins var eftirfarandi:

„Í mars 2008 keypti Gildi breytanlegt/víkjandi skuldabréf af Glitni banka fyrir 3 milljarða króna. Stjórn sjóðsins, framkvæmdastjóri og forstöðumaður eignastýringar tóku ákvörðun um kaupin á grundvelli þeirra upplýsinga sem þá lágu fyrir um stöðu bankans. Sjóðurinn telur nú í ljósi þeirra upplýsinga sem fram hafa komið eftir fall bankans að stjórnendur hans hafi gefið rangar upplýsingar um stöðuna. Sjóðurinn rekur nú dómsmál til að fá skuldabréf þetta metið sem almenna kröfu í þrotabú bankans. Einnig verður skoðað hvort höfðað verður skaðabótamál á hendur stjórnendum bankans.“

Hér eru menn með allt niðrum sig, alvarleg mistök hafa verið gerð, kallað er eftir ábyrgð stjórnarinnar.

Annað dæmi um Gildi lífeyrissjóð.

Við skoðun á ársreikningum Gildis lífeyrissjóðs fyrir árin 2008 og 2009, getur svo farið að eignir sjóðsins rýrni um alls 70 milljarða ef ekkert innheimtist sem gerð er krafa til, það jafngildir iðgjöldum sjóðfélaga í tvo áratugi.

Að lokinni umræðu um þetta grafalvarlega málefni var stjórn LS einhuga um að stjórn Gildis ætti tafarlaust að segja af sér.

Það sjónarmið kom einnig fram að rétt væri að stofna séreignasjóð sem greitt yrði í þar til línur færu að skýrast.

Framkvæmdastjóra veitt heimild til krefjast þess í nafni stjórnar LS að stjórnarmenn sem voru í stjórn Gildis 2007 og 2008 og sitja þar enn segi af sér. Greiðslum frá félagsmönnum verði frestað þar til viðkomandi hafi stigið til hliðar.“

Því miður hefur það dregist hjá mér að koma þessum skilaboðum til Gildis lífeyrissjóðs, en það verður gert í kjölfar þessa fundar.

Línuívilnun

Eitt fjölmargra mála sem LS hefur verið að fást við á undanförunum misserum er að vinna að því að línuívilnun nái til allra dagróðrabáta. Töluverðrar óánægju gætir hjá eigendum vélabáta um að þeir hafi ekki fengið ívilnun. Upp úr hefur soðið hjá 7 útgerðum og telja þær sig betur komnar utan LS til að reka hagsmuni sína. Því skal haldið til haga að það var fyrir baráttu landssambandsins sem línuívilnun var komið á. Áfram verður unnið að framgangi þessa máls, enda vantaði aðeins herslumuninn þegar síðasta atлага var gerð. Reynslunni ríkari leggjum við áfram áherslu á línuívilnun til allra dagróðrabáta. Fyrir liggur að ekki er andstaða hjá sjávarútvegsráðherra í málinu.

Strandveiðar

Strandveiðar voru lögfestar sl. vor. Ekki er því lengur um bráðabirgðaákvæði til eins árs að ræða heldur eru strandveiðar nú bundnar í lög.

Almennt gengu strandveiðar vel á sl. sumri. Hátt verð fékkst fyrir aflann sem segir vel til um gæði hans. Meðalverð á þorski 313 kr/kg og ufsa 164 kr/kg. Aflaverðmæti strandveiðiaflans varð um 1,8 milljarður og útflutningsverðmæti helmingi hærra, 3,6 milljarðar. Auk þessa má nefna að strandveiðar gáfu aukna vinnu til lands og sjávar.

Alls greiddu strandveiðimenn 50 milljónir í ríkissjóð fyrir leyfin.

Hvaðan komu strandveiðibátar?

smábátar með aflamark	57 bátar
bátar með aflamark	17 bátar
krókaaflamarksbátar	287 bátar
án veiðiheimilda	377 bátur

Samtals 738 bátar

Aflahæstur strandveiðibáta varð Lundey PH 350, frá Húsavík með 35 tonn. Tveir voru í áhöfn Lundeyjar, skipstjóri var Árni Björn Kristbjörnsson.

Strandveiðar


	Afli í róðri	Afli per bát
Svæði A	649 kg	8,97 tonn
Svæði B	530 kg	9,20 tonn
Svæði C	521 kg	10,49 tonn
Svæði D	478 kg	5,99 tonn

Samtals 551 kg 8,61 tonn


Grásleppuveiðar

Á vertíðinni stunduðu 344 bátar grásleppuveiðar sem var 65 leyfum fleira en í fyrra. Alls hefur þátttöku í grásleppuveiðum fjölgað um 115 báta frá 2008.


Skipting strandveiðileyfa 2010



Grásleppuleyfi




Þorskaflí (tonn) á hverju svæði



Heildarafrakstur veiðanna varð 17.947 tonn af söltuðum grásleppuhrognum og 6 gámar af frosinni grásleppu. Veiðin á vertíðinni var um 70% meiri en 10 ára meðaltal. Leita þarf aftur til eins af met árum í grásleppunni 1987 til að finna viðlíka veiði.

Afkoma flestra góð, hátt verð á hrognunum og 52 tonnur að meðaltali á bát sem er rúmum fjórðungi meira en á síðustu vertíð. Einu áhyggjurnar sem hægt er að finna er minnkandi veiði á N-Austurhorni og Austurlandi. Af fregnum að dæma er meðafli grásleppu við trollveiðar á uppsjávarfiski gríðarlegur. Eitt af fjölmörgum verkefnum þessa fundar er að bregðast við því.

Grásleppuafli (tunnur)




Heildaraflaverðmæti grásleppuhroga upp úr sjó varð 2,1 - 2,2 milljarðar og gera má ráð fyrir að útflutningsverðmæti grásleppuhroga og kavíars verði ekki undir 5 milljörðum á þessu ári.

Á fyrstu átta mánuðum ársins var verðmæti útfluttra grásleppuafurða komið í 2,3 milljarða sem er nálægt tvöföldun frá sama tímabili síðast liðins árs.

Meðalverð til sjómanna á vertíðinni var um 195 þúsund krónur fyrir tunnuna sem er helmingshækkun frá síðasta ári, hvort sem litið er til króna eða evra. Verðið jafngildir um 1.200 evrum. Allt frá upphafi til loka vertíðar hélst verðið hátt.

Heildarveiði í heiminum endaði nú í um 30 þúsund tunnnum sem er jafnt og áætlanir gerðu ráð fyrir.

Grásleppuafli allar þjóðir



Grásleppukarlar á Íslandi skiluðu mestu, Grænlandingar voru næstir með 8 þúsund tonn, Norðmenn með 2.700 tonn og Nýfundnalendingar með aðeins 800 tonn.

Grásleppuleyfi og afli 2010

Svæði	Fjöldi leyfa	Afli	Afli per bát
Svæði A	43	2.315 tonn	53,8 tonn
Svæði B	78	5.480 tonn	70,3 tonn
Svæði C	22	1.322 tonn	60,1 tonn
Svæði D	41	2.121 tonn	51,7 tonn
Svæði E	110	4.983 tonn	45,3 tonn
Svæði F	41	1.322 tonn	32,2 tonn
Svæði G	9	404 tonn	44,9 tonn
Samtals	344	17.947 tonn	52,2 tonn

Grásleppan í sókn er heiti samstarfsverkefnis LS og Tritons ehf. Útflutningur frosinnar grásleppu jókst um helming og ríkir bjartsýni um að framhald verði á aukningu á vertíðinni 2011.

Fjárstuðningur fékkst til verkefnisins frá AVS og sjávarútvegráðuneytinu og þeim hér með þakkað fyrir.

Aflabrögð og aflaverðmæti

Aflabrögð voru mjög góð á sl. fiskveiðiári. Heildarafli smábáta á fiskveiðiárinu endaði í 75.966 tonnum sem er 2.500 tonna aukning frá sl. ári. Verðmæti þessa afla upp úr sjó sló öll fyrri met hvað krónutölu snertir 19,1 milljarðar, sem jafngildir útflutningsverðmætum uppá rúma 38 milljarða.

Afli smábáta 2010

Afli [tonn]	Aflamark	Krókaafلامark	Strandveiðar	Samtals
Afli alls	4.463	65.128	6.375	75.966
Þorskur	1.403	31.686	5.042	38.131
Ýsa	375	16.498	50	16.923
Ufsi	138	2.321	1.192	3.927
Steinbítur	78	5.973	7	6.022
Skötuselur	262	186	0	448
Fjöldi báta	124	561	738	1.062
Afli / bát	36 tonn	116 tonn	8,6 tonn	72 tonn

Bolvíkingar létu það ekki endurtaka sig að þeir yrðu ekki aflahæstir. Sirrý ÍS sló öllum öðrum við og setti glæsilegt heimsmet í aflabrögðum, 1.729 tonn. Skipstjóri á Sirrý er Sigurgeir Steinar Þórarinsson. Óska ég Sigurgeiri og áhöfn hans til hamingju með einstakt afrek sem varla verður toppað.



Félagsstarfsemi

Öll svæðisfélögin 15 héldu aðalfundi í september og október. Ágæt mæting var víðast hvar og öll sendu félögin frá sér ályktanir. Litlar breytingar urðu í stjórnnum félaganna. Þó bar það til tíðinda að formannaskipti urðu hjá Eldingu. Nýr formaður þar er Sigurður Kristján Hálfðánsson og tók hann við af Birki Einarssyni. Sigurði óska ég til hamingju með kjörið og Birki fyrir mjög gott samstarf. Ég vil nota þetta tækifæri til að þakka fyrir fundina og góðar ábendingar sem þar komu fram.

Snæfell fjölmennasta svæðisfélagið

Snæfell er stærsta svæðisfélagið innan LS með 113 bátum, næst í röðinni er Klettur með 107 bátum og þriðja stærst félagið er Reykjanes með 97 bátum.

Miðlun upplýsinga til félagsmanna og kynning á starfsemi LS

www.smabatar.is er mikið notuð af félagsmönnum. Á tímabilinu milli aðalfunda hafa heimsóknir verið 224.030, það er 614 að meðaltali hvern dag ársins. Er það aukning frá síðasta tímabili, eða að meðaltali 104 fleiri á hvern dag.

Á tímabilinu hafa verið birtar 229 fréttir á heimasíðunni, þannig að markmiðið með að hafa eina frétt á hverjum virkum degi náðist, en naumt varð það - einni frétt betur. Á sama tímabili í fyrra voru fréttirnar 236.

Brimfaxi félagsblaðið okkar hefur að venju komið út tvisvar á tímabilinu, um áramót og við sjómannadaginn. Áformað er að leggja enn meira í blaðið nú um jólin að tilefni 25 ára afmælis LS. Ritstjóranum Sigurjóni M Egilssyni þakka ég gott samstarf.

Stjórn LS

hélt 5 fundi á árinu. Þann fyrsta eftir síðasta aðalfund, næst var fundað 18. febrúar, þá 19. apríl, samfundur stjórnar var á Árskógssandi 14. og 15. júlí og 5. fundurinn var í gær, 13. október. Fjöldi mála voru rædd og afgreidd á þessum fundum og kann ég stjórninni bestu þakkir fyrir gott samstarf og skilvirka ákvarðanatöku. Auk þess kom megin þorri stjórnarinnar til fundar við Jón Bjarnason sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra 22. október, einnig var fundað með forsvarsmönnum Hafrannsóknastofnunarinnar í sömu ferð.

Einnig þakka ég grásleppunefnd fyrir góðan fund í byrjun febrúar, stærðarmarkaneftnd og ekki síst kjaranefnd LS.

Starfsfólk

Samstarfsfólki mínu á skrifstofu LS, Oddbjörgu og Arthuri, þakka ég fyrir vel unnin störf og gott samstarf á árinu.

Ágætu þingfulltrúar og gestir

Aðalfundur fær nú það vandasama hlutverk að marka braut næsta árs þar sem ég veit að vandað verður til allra verka. Mikið starf bíður fulltrúanna þar sem ályktanir eru alls 170, en voru 160 í fyrra.

Auk þess sem ég hef hér tæpt á vil ég vísa til gagna í möppunum ykkar og svo að sjálfsögðu heimasíðu LS. Þá mun ég fylgjast með störfum nefnda hér á fundinum og svara fyrirspurnum og verða mönnum innanhandar.

Aðalfundarfulltrúar verið velkomnir til 26. aðalfundar Landssambands smábátæigenda.

Að þessu mæltu lýk ég máli mínu. Takk fyrir.

Örn Pálsson



Arthur Bogason

Ræða á 26. aðalfundi Landssambands smábátæigenda

Ágætu fundarmenn, hæstvitur sjávarútvegsráðherra og aðrir sem kunna að heyra mál mitt.

Það eru senn liðin 25 ár frá stofnun Landssambands smábátæigenda.

Af því tilefni langar mig til að haga máli mínu með öðrum hætti en ég hef iðulega gert.

Ég gæti hér hæglega eytt tíma mínum í að fjalla um samningaleið og fyrningarleið, „Sáttanefndina“ og ósáttina í þjóðfélaginu okkar og enn auðveldara væri að skammast úti Hafró, stjórnvöld, skrifinnskubáknið og fjölmiðla og hvað eina.

En mig langar til að tala við ykkur um annað.

Mig langar að tala við ykkur um félagið okkar, hvaðan við komum, hvaða vegferð við hófum, hvar við stöndum og hvert við stefnum.

Þetta félag var stofnað utanum frelsisþrá. Það var stofnað á þeirri bjargföstu sannfæringu að í smábátaútgerðinni fælust lausnir og fögur nálgun á samskiptum manns og náttúru, samskiptum sem viðhéldi virðingu fyrir öflum náttúrunnar og takmörkum mannsins.

Félagið var stofnað um þá bjargföstu sannfæringu að veiðar smábáta með kyrrstæð veiðarfæri myndu

aldrei skaða nokkurn fiskistofn eða umhverfið í hafinu yfirleitt, væru atvinnuskapandi og byggðavænar, aðferð hinna litlu sjávarbyggða til tengingar við aðlæg fiskimið ásamt því að hafa mörg egg í körfunni í stað eins.

Félagið var stofnað um þá staðreynd að smábáturinn sinnir mannlegum þáttum: hann er uppeldisstöð hins unga manns, tækifæri fyrir duglega menn og afdrep þeirra sem hafa jafnvel unnið allan sinn starfsaldur á sjó og hugnast ekkert annað en nærvera við hafið, þegar árin færast yfir.

Í sem stystu máli: smábátaútgerðin sameinar þekkingu kynslóðanna og forna aðferðafræði við tækni framfarir nútímans.

Þó 25 ár séu ekki ýkja langur tími er vegferðin orðin furðu löng. Það hefur sannarlega á ýmsu gengið og nógu löng er hún til þess að í dag eru margir í smábátaútgerðinni sem eru ókunnugir baráttu þessa félags að mestu og jafnvel með öllu. Það eru margir sem gera sér ekki grein fyrir því að þegar félagið hóf göngu sína voru veiðiheimildir smábátaflotans mjög áþekkar því sem á yfirstandandi ári var úthlutað í strandveiðarnar og jafnvel minni miðað við bátafjölda.

Þeir sem þá véluðu um lög og reglur höfðu greinilega ekki sömu sýn á smábátaútgerðina og ég var hér að telja upp. Svo hastarlegar voru þær hömlur sem átti að setja á hana í byrjun, að engu var líkara en að meint alvarlegt ástand fiskistofnanna ætti fyrst of fremst þangað rætur sínar að rekja.

Trillukarlar voru gæfusamir. Þeir sameinuðust um það sem þeir voru sammála um og lögðu ágreiningsmálin til hliðar. Þessi gæfusemi sannaði það sem sagan kennir aftur og aftur: samstaðan er beittasta vopnið.

Félagið hefur tekið ótal glímur við Alþingi, ráðherra og önnur hagsmunasamtök. Sum þessara átaka voru hatrömm og jafnvel mannskemmandi. En hægt og bítandi ávannst í baráttunni og í dag er smábátaflotinn að veiða margfalt meira en honum var skammtað sem ati úr hnefa á árdögum kvótakerfisins.

Hvort réttlátlega hafi alltaf verið gefið er önnur saga. Ég held að óhætt sé að segja, að þegar tekið skal við að deila út réttlætinu kemst ranglætið í essið sitt.

Við höfum gert mistök í gegnum tíðina og áreiðanlega hefðum við á tíðum getað gert betur. Og við munum halda áfram að gera mistök. Það er lífsins saga. En það er auðvelt að vera vitur eftirá.

Og við höfum á stundum þurft að lúta í lægra haldi. Því átök þessarar vegferðar hafa ekki alltaf verið við utanaðkomandi aðila.

Það hefur undantekningalaust gerst þegar raðir okkar sjálfra hafa riðlast. Slíkt hefur gerst, er að gerast og mun gerast í framtíðinni.

Þetta þarf engan að undra: Í gegnum tíðina höfum við verið barðir sundur og saman með kvótasetningum, dagatakörkunum og boðum og bönnum, jafnvel umfram hugmyndaflug frjóstu manna. Utanaðkomandi öfl hafa margsinnis reynt að splundra félaginu okkar eða stíla mönnum í sundur til að ala á sundrung.

Á sama tíma hefur samt félaginu okkar auðnast að margfalda veiðirétt smábátaflotans og á sama tíma varð tæknibylting í smíði lítilla báta sem og á sviði öryggismála og í meðhöndlun afla. Í dag hikum við ekki við að segja að ef rétt er gengið um aflann um borð í smábátunum er þar um að ræða besta hráefni sem völ er á. Það sýnir sig best í eftirspurn erlendra kaupenda. Krafan um fisk, veiddan með umhverfisvænum veiðarfærum, fer sívaxandi og það sem meira er, þessir sömu kaupendur líta í auknum mæli til annarra þátta svo sem þess félagslega og byggðatengda. Smábátaútgerðin fullnægir þessum kröfum í nánast öllum tilfellum.

Eðlileg afleiðing þessa var og er að hlutverk smábátaútgerðarinnar í þjóðlífi og þjóðarbúskap hefur margfaldast. Í dag gegnir hún mikilvægara hlutverki í tekjuöflun og atvinnulífi þjóðarinnar en nokkru sinni. Hafi einhverntíma verið ástæða til þess fyrir félagið að vera stolt af þeirri staðreynd er það nú, þegar þjóðarbúið glímur við erfiðleika af stærðargráðu sem engan óraði fyrir að myndu nokkru sinni henda það.



Allt þetta á rót sína að rekja til þess að frelsisþráin rak okkur áfram. Þráin til að vera ekki undir oki hafta og banna sem ekkert höfðu með vernd fiskistofna eða umhverfisins í hafinu að gera.

Ég, sem formaður ykkar, hef spurt mig stöðugt í gegnum tíðina: hefur okkur auðnast að viðhalda þessari frelsisþrá og sannfæringu, eða glötuðum við þessum dýrmætum einhvers staðar á vegferðinni?

Enn þann dag í dag er þessu auðsvarað. Félagið sýnir með ályktunum sínum og málflutningi að hvorki stjórnvöldum né öðrum hagsmunasamtökum hefur tekist að pakka því ofaní kassa einlitrar sérhyggju og sérhlífni.

Enn þann dag í dag, aldarfjórðungi eftir stofnun félagsins og hafandi glímt lengst af við stjórnvöld sem hafa viljað troða smábátaflotanum í kassa hinnar ferhyrndu hugsunar, enduróma ályktanir

svæðisfélaga Landssambands smábátaeigenda þrána til frelsis: Frjálsar handfæraveiðar, strandveiðar, frjálsar ufsaveiðar, línuívilnun, langa, keila og skötuselur sem meðafli, grásleppuveiðar utan kvóta: allt eru þetta þess rækileg merki. Á sama tíma og félaginu ber sjálfsögð skylda til að vernda þá hagsmuni sem áunnist hafa hefur það borið gæfu til að líta sér ekki eingöngu nær. Þetta er kjarninn í gæfu félagsins okkar.

Ágætu félagar!

Í dag er mikið umrót í samfélaginu okkar. Reiði, heift, örvænting og upplausn markar umræðuna. Það síðastnefnda hefur teygst sig inn í félagið okkar. Fámennur hópur manna telur málum sínum betur borgið utan LS og halda því jafnvel fram að félagið hafi ætíð unnið gegn þeim - eins smekklega og það hefur verið orðað. Miklar veiðiheimildir þessara aðila eru til komnar vegna baráttu félagsins okkar. En hver og einn velur sér aðferð til að þakka fyrir sig.

Sem við erum hér samankomin er smábátaflotinn öflugri en nokkru sinni fyrr. Við hafa bæst svokallaðar strandveiðar og á skömmum tíma hefur smábátaflotinn stækkað á ný og telur nú yfir 1000 báta. 1000 smábátar á 6000 km strandlengju er engin ofrausn.

Hagsmunir félagsmanna eru vissulega mismunandi og skarast á tíðum.

Það breytir í engu þeirri staðreynd að lykillinn að gæfusamri vegferð er samstaðan. Orðið er okkar sverð. Samstaðan er aðferðin til að beita því.

Ágætu félagsmenn!

Ég óskaykkur allshins besta á þessum aðalfundi. Megi hann senda þau skilaboð að við höfum enn bjargfasta sannfæringu fyrir gildum smábátaútgerðarinnar.

Ég óska ykkur til hamingju með 25 ára afmæli Landssambands smábátaeigenda og segi 26. aðalfund félagsins okkar settan.

Þakka ykkur fyrir.

Arthur Bogason



Samþykktir 26. aðalfundar Landssambands smábátæigenda 2010

- **Sjávarútvegsráðherra bæti við veiðiheimildirnar**
LS skorar á sjávarútvegsráðherra að auka nú þegar kvóta helstu nytjastofna.
- **Frjálsar handfæraveiðar á ufsa**
LS leggur til að ufsaveiðar á handfæri verði gefnar frjálsar á tímabilinu 1. apríl - 31. ágúst.
- **Meðafli teljist ekki til kvóta**
LS krefst þess að meðafli af löngu og keilu megi vera allt að 10% af aflu hvarrar veiðiferðar og teljist ekki til kvóta.
- **Línuvilkun til allra dagróðrabáta**
LS krefst þess að línuvilkun skuli koma á alla dagróðrabáta.
- **Símakrókur**
Afnema ber símakrök og AIS kerfið komi í hans stað.
- **Handfæraívilnun**
Að óskað verði eftir því við sjávarútvegsráðherra að komið verði á handfæraívilnun.
- **Frjálsar handfæraveiðar**
LS áréttar fyrri samþykktir aðalfunda um frjálsar handfæraveiðar.
- **Makrílveiðar**
LS hvetur smábátæigendur til aukinna makrílveiða. Hér er um að ræða nýtt og spennandi tækifæri fyrir smábátaflotann til tekjuaukningar.

Forystu LS er falið að athuga hvort aðilar í makrílvinnslu í Evrópu séu tilbúnir í samstarf í þessum efnum.

➤ **Ýsuvöföldun fram að áramótum**

Ýsa hjá smábátum sem veidd er á línu reiknist aðeins að hálfu til afla / krókaaflamarks fram að áramótum.

➤ **Óveiddri ýsu úthlutað til kvótahlutdeildarhafa**

LS leggur til að ónotuð ýsa frá síðasta fiskveiðiári falli ekki niður en verði endurúthlutað til kvótahlutdeildarhafa.

➤ **Eignarhald á sjávarauðlindum í stjórnarskrá**

Að sett verði í stjórnarskrá lýðveldisins að sjávarauðlindir innan íslenskra lögsögu sé ævarandi eign íslensku þjóðarinnar og verði aldrei frá henni tekin.

➤ **Andstaða við fyrningu**

Lýst er fullri andstöðu við hugmyndir um fyrningu aflaheimilda.

➤ **Hörð mótmæli við hugmyndum um leigugjald**

LS mótmælir harðlega hugmyndum Jóns Bjarnasonar sjávarútvegsráðherra um að auka við aflaheimildir gegn leigugjaldi frá ríkinu.

Með þessari aðferðafræði er verið að kasta stríðshanska inn í atvinnugreinina og ein af afleiðingunum verða lakari kjör fjölda sjómanna. Þá hyglir hún þeim sem selt hafa sig út úr fiskveiðunum, en eiga báta sína skuldlausu.

LS krefst þessa að auknum aflaheimildum verði ráðstafað með sama hætti og gert hefur verið til þeirra sem nú stunda fiskveiðarnar og hafa, bóta laust, þurft að þola gríðarlegar skerðingar í helstu botnfisktegundum á undanförunum árum og misserum.

➤ **Takmarkanir á togveiðum**

LS leggur til lokun svæðist fyrir botntrolli vestur úr Sandgerði og suður af Grindavík.

Að óheimilt verði að veiða með botntrolli innan 12 sjómílna frá SV strönd landsins.

Togveiðar innan 12 sjómílna verði bannaðar.



Formenn allsherjarnefndar Tryggvi Ársælsson og Pétur Sigurðsson



Frá fundi í sjávarútvegsnefnd: Við borðið, Gestur Hólm, Ólafur Jens Daðason, Sigurgeir Þórarinnsson

Strandveiðar

➤ **Heildarpottur reiknist í þorskígildum**

Sjávarútvegsráðherra beiti sér fyrir lagfæringu á strandveiðikerfinu þannig að heildarpottur hvers svæðis sé reiknaður í þorskígildum eins og dagsafli hvers báts, að öðrum kosti er ekkert gagn í þorskígildisreglunni þar sem potturinn klárast enn fyrr þar sem hann er reiknaður í kíló fisk.

➤ **Veiðiheimildir verði dregnar frá stofnstærðarmati**

LS styður áframhaldandi strandveiðar, enda verði svæðaskipting áfram með sambærilegum hætti og síðustu ár og veiðiheimildir inn í kerfið verði dregnar frá stofnstærðarmati.

Einnig verði strandveiðibátum heimilt að skrá sig út úr kerfinu um mánaðamót án þess að hafa rétt til þess að hefja aftur strandveiðar á yfirstandandi fiskveiðiári.



Aflakóngar á góðri stund



Frá fundi í grásleppunefnd

➤ Byggðakvóti

LS leggur til að byggðakvóti verði aflagður í núverandi mynd, þess í stað verði hann settur sem ívilnun fyrir dagróðrabáta sem eiga heimahöfn í viðkomandi byggðalögum og landa þar, (þ.e. byggðalögum sem úthlutað er frá ráðuneytinu eftir þar til gerðum reglum).

Grásleppumál

- Veiðidagar á grásleppuvertíðinni 2011 verði 50.
- Að veiðitímabil og upphafstími verði óbreytt.
- Að landamörk línu sem skiptir grásleppuveiðisvæði í Breiðafirði í ytra og innra svæði verði úr Eyrarodda vestan Kolgrafafjarðar, í Breka vestan Bjarneyja og þaðan í Lambanes vestan Vatnsfjarðar.

- Að Fiskistofa (veiðieftirlitið) safni upplýsingum um hversu mikið magn af grásleppu er landað sem meðafla á uppsjárveiðiskipum. (Mætti birta þær upplýsingar á heimasíðu LS). Margir nefndarmanna lýsa áhyggjum sínum vegna þeirra hundruða tonna af grásleppu, sem veiðist sem meðafla í flottroll.

Greinargerð

Hermt hefur verið að umtalsvert magn af grásleppu slæðist með í flottroll við síld- og makrílveiðar.

- Að grásleppunefnd sitji áfram óbreytt til næsta aðalfundar og verði þá búin að móta sér stefnu um nefndarskipan.

➤ Sameining ráðuneyta mótmælt

LS telur sjávarútvegsmálin svo mikilvæg að ekki sé raunhæft að sameina sjávarútvegs-, landbúnaðar- og iðnaðarráðuneyti í nýtt atvinnuvegaráðuneyti á svo viðkvæmu stigi sem sjávarútvegurinn stendur núna.

➤ Aðildarumsókn í Evrópusambandið mótmælt harðlega

LS hafnar alfarið inngöngu Íslands í Evrópusambandið og mótmælir aðildarumsókninni harðlega.

➤ Stærðarmörk krókaaflamarksbáta verði óbreytt

Lagt er til að ekki verði hróflað við núverandi stærðarmörkum krókaaflamarksbáta.

➤ Kvótaþak

Fái að halda sínum rétti

LS leggur til að fyrirtæki sem voru fyrir ofan kvótaþak, þegar lög um kvótaþak voru sett, fái að halda þeim rétti.

➤ Reglur verði óbreyttar

LS skorar á sjávarútvegsráðherra að kvika hvergi frá þeim takmörkunum sem er í dag á hámarkseign einstakra útgerða.

➤ Atkvæðavægi

Áréttað er að eitt atkvæði verði bundið við hvern bát en ekki við krókaaflamark eða stærð / tonn viðkomandi báta. Komi fram tillögur um breytingar á þessum ákvæðum þurfi 2/3 atkvæða aðalfundar til að slíkt yrði samþykkt.



➤ **LS hvetur til samstöðu**

LS hvetur alla smábátaeigendur til að standa saman í baráttu sinni fyrir réttindum sínum í einum heildarsamtökum.

➤ **Hópmálsókn**

Stjórn LS er falið að vinna að heildarlausn á skuldavanda fyrirtækja í smábátaútgerð með hópmálsókn eða sambærilegum aðgerðum.



Frá fundi í sjávarútvegsnefnd, Konný Breiðfjörð, Sigurður Hlökkversson, Stefán Hauksson, Arthur Bogason, Steinar Skarphéðinsson

➤ **Tilmæli til lágmarkskjara**

Fundurinn veitir Kjaranefnd LS heimild til að senda félagsmönnum fyrirbyggjandi „Tilmæli til lágmarkskjara hjá sjómönnum á smábátum“.

➤ **Afnámi sjómannaafsláttar mótmælt**

LS mótmælir harðlega afnámi sjómannaafsláttar og krefst þess að lög um sjómannaafslátt verði færð til fyrra horfs.

➤ **Lögum um greiðslumiðlun verði breytt**

Ítrekaðar eru fyrri ályktanir varðandi greiðslumiðlun, að lögum verði breytt á þann veg að tryggingar- og lífeyrishlutinn falli út og eftir standi félagshlutinn.

➤ **Stofnun lífeyrissjóðs smábátasjómanna**

Framkvæmdastjóra LS falið að kanna kosti þess og galla að stofna lífeyrissjóð smábátasjómanna.

➤ **Áhyggjur vegna skerts öryggi sjómanna**

LS lýsir miklum áhyggjum yfir því að dregið hefur verið úr fjárveitingum til Landhelgisgæslunnar og

þ.m.t. þyrluþjónustunnar, sem er svo mikilvæg fyrir hafsvæðið umhverfis landið sem er vinnustaður sjómanna.

➤ **Fræðslumál**

Slysavarnanámskeið í hinum dreifðu byggðum LS skorar á samgönguráðherra að hlutast til um að þau slysavarnanámskeið, sem krafist verði við lögskráningu á smábáta verði staðfærð á smábáta og uppsett þannig að hægt sé að fara með þau út um land.

➤ **Námskeið í meðferð afla**

Hvatt er til að LS gangist fyrir námskeiði í aflameðferð á hverju félagssvæði fyrir sig. Námskeiðin verði haldin í samvinnu við Matís.

➤ **Álögum verði stillt í hóf**

Stjórnvöld stilli álögum á sjávarútveginn í hóf.

➤ **Lögskráningu verði frestað**

Skorað er á samgönguráðherra að fresta nú þegar gildistöku laga um lögskráningu á smábátum sem taka eiga gildi 1. nóvember 2010 í að minnsta kosti um eitt ár og að þau taki ekki gildi fyrr en rafrænt skráningarkerfi Siglingastofnunar er tilbúið.

Dragnótaveiðar

➤ **Takmörkunum fagnað**

LS fagnar reglugerð útgefinni 31. ágúst 2010 nr. 678/2010 sem bannar dragnótaveiðar innan línu sem dregin er frá Þórðarhöfða í Ásnef í Skagafirði, frá 31. desember 2010 til ágúst 2015.

Þeim tilmælum er beint til sjávarútvegsráðherra að strax við útfærsluna verði hafnar stöðugar rannsóknir á lífríki svæðanna sem friðuð eru fyrir dragnótaveiðum, þannig að úr því fáiast skorið í eitt skipti fyrir öll hvort um skaðsemi þessa veiðarfæris á lífríkið er að ræða.

➤ **Suðurströndinni verði lokað**

LS skorar á sjávarútvegsráðherra að loka fyrir snurvoð við suðurströndina út á 3 sml.

Greinargerð

Í október 2007 ákvað þáverandi ráðherra að opna fyrir snurvoð að tillögu snurvoðaútgerðarmanna. Rökin voru þau að með 105 þúsund tonna ýsukvóta væri vonlaust að ná ýsukvótanum nema með því að komast í fjöurnar. Í ár er búið að skerða ýsukvótann niður í 50 þúsund tonn en enn er fjaran opin fyrir snurvoð.

Það er ljóst að mjög margt bendir til þess að þessar veiðar hafa skaðvænleg áhrif á ýmsa nytjastofna og þá ekki síst á fuglastofna í Eyjum.

➤ **Lokanir nái jafnt til allra landsvæða**

Lýst er eftir skýrri stefnu sjávarútvegsráðherra varðandi lokanir fyrir dragnótaveiðum á fjörðum og flóum, nauðsynlegt er að lokanir séu sambærilegar milli landsvæða til að dreifa veiðiálagi.

➤ **LS styður hvalveiðar**

LS lýsir yfir stuðningi við hvalveiðar.

➤ **Rannsóknir á skaðsemi dreginna veiðarfæra**

LS skorar á sjávarútvegsráðherra að auka rannsóknir á skaðsemi dreginna veiðarfæra á grunnslóð, bæði hefðbundinna og nýrra, svo sem plógveiðar við sæbjúgnaveiðar.

➤ **Einokun verði aflétt**

LS krefst þess að einokun Hafrannsóknastofnunarinnar á hafrannsóknnum við Ísland verði afnumin.

➤ **VS tekjur fari einnig til velferðarmála**

LS ályktar að hægt verði að velja þau samtök sem njóta VS-aflaverðmætis peninganna. Þá verði nokkur samtök eins og t.d. björgunarsveitir og mæðrastyrksnefnd á skrá sem hægt er að setja VS-aflann í.

➤ **Tegundatilfærslur verði auknar**

LS skorar á sjávarútvegsráðherra að auka nú þegar tegundatilfærslu hjá smábátum og kvótaminni aðilum, þannig að tegundatilfærsla verði hærri í % hjá kvótalitlum aðilum.

➤ **Færsla milli ára**

Færsla aflaheimilda milli ára verði áfram 20%.

➤ Frístundabátar

LS leggur til að frístundabátar með krókaafлахámarki og aflamarki þurfi aðeins að sækja einu sinni um frístundaveiðileyfi á kvótaári sem gildi út kvótaárið og bátar megi vera bæði á línuveiðum og sjóstöng á sama tíma, enda er verið að veiða af kvóta bátsins.

Fjarskipti

➤ 3G jafnist á við NMT

LS leggur til að tryggt verði að útbreiðsla og langdrægri 3G kerfisins verði ekki síðra en gamla NMT kerfið var.

➤ Dreifikerfið nái yfir allt A1 hafsvæðið

LS skorar á rekstraraðila langdrægra símakerfa að þetta dreifikerfi sitt þannig að það nái yfir allt A1 hafsvæðið.

➤ VHF og AIS nái yfir allt A1 hafsvæðið

LS skorar á samgönguráðherra að efla nú þegar dreifikerfi VHF talstöðva og AIS staðsetningarkerfisins þannig að þau nái yfir allt A1 hafsvæðið.

➤ Rafræn afladagbók

Nauðsynlegt er að rafræn afladagbók verði einfölduð.

➤ Skipstjórnarréttindi fynist ekki

LS beinir því til samgönguráðherra að farið verði fram á endurskoðun á reglum varðandi réttindi skipstjórnar- og vélstjórnarmanna, það eru hrein mannréttindabrot að menn skuli í raun missa réttindin séu þeir ekki á sjó síðastliðin 5 ár eða séu á skipum sem eru minni en réttindi þeirra ná til.

➤ Golfmót trillukarla


Framkvæmdastjóri LS komi á árlegu golfmóti trillukarla.



Sigurður Kjartan Hálfánsson Bolungarvík




Sigurður Kristjánsson Húsavík




Birkir Einarsson Flateyri

Fiskmarkaðsverð óslægður þorskur janúar - apríl



Fiskmarkaðsverð óslægður þorskur janúar - apríl



Meðaltals hækkun tímabilsins 2009 og 2010 -59%

Línuívilnun	Þorskur 3.375		Ýsa 2.100	Steinbítur 700		
Tímabil	Ívilnun	Nýting				
1. feb.2004			482 tonn	417 tonn		
2004/2005	2.935 tonn	87%	1.487 101%	552 tonn	86%	300 bátar
2005/2006	3.037 tonn	90%	1.626 110%	680 tonn	106%	297 bátar
2006/2007	2.454 tonn	73%	1.753 119%	550 tonn	85%	281 bátar
2007/2008	1.705 tonn	51%	1.734 101%	440 tonn	49%	233 bátar
2008/2009	1.856 tonn	55%	1.572 91%	621 tonn	69%	221 bátar
2009/2010	2.217 tonn	66%	1.639 78%	633 tonn	90%	190 bátar

Nytjastofnar sjávar 2009/2010 - aflahorfur 2010/2011

Tafla 2.1.2

Þorskur. Áhrif mismunandi aflahámars á áætlaða stærð stofnsins (þús. tonn) árið 2012.
Cod. Projection of stock and spawning stock biomass (thous. tonnes) in 2012 for different management strategies

2010				2011				2012	
Áætlaður afli	Stofn 4+	Hrygn. stofn	F ¹⁾	Aflahámark	Stofn 4+	Hrygn. stofn	F ¹⁾	Stofn 4+	Hrygn. stofn
Pred. landings	Stodk4+	Spawn.stock		TAC	Stock4+	Spawn.Stock		Stock4+	Spawn.stock
152	846	300	0.29	100	904	344	0,17	1096	437
				160 ²⁾	904	327	0,28	1025	371
				200	904	315	0,36	979	333

Stjórn Landssambands smábátaeigenda 2010 – 2011

Stjórn

Arthur Bogason formaður	Reykjavík
Pétur Sigurðsson varaformaður	Árskógssandi
Alexander F. Kristinsson	Rifi
Arnar Þór Ragnarsson	Höfn
Einar Sigurðsson	Raufarhöfn
Garðar Berg Guðjónsson	Reykjavík
Guðmundur Elíasson	Akranesi
Guðmundur Halldórsson	Bolungarvík
Halldór Ármannsson	Keflavík
Jóel Andersen	Vestmannaeyjum
Jón Breiðfjörð Höskuldsson	Hafnarfirði
Már Ólafsson	Hólmavík
Ólafur Hallgrímsson	Borgarfirði
Sverrir Sveinsson	Siglufirði
Tryggvi Ársælsson	Tálknafirði
Þorvaldur Garðarsson	Þorlákshöfn

Áheyrnarfulltrúi

Rögnvaldur Einarsson	Akranesi
----------------------	----------

Félagslegir endurskoðendur

Gísli Ólafsson	Grundarfirði
Sigfús Jóhannesson	Grimsey

LANDSSAMBAND
smábátæigenda

